

**Aðalfundur
Rekstrarfélags Sarps
30. apríl 2014
Fundargerð**

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn miðvikudaginn 30. apríl 2014 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands og hófst hann kl. 13.00. Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar eignaraðila og samstarfsaðila:

Eignaraðilar	Fulltrúi	Eignarhl. %
Þjóðminjasafn Íslands	Anna Lís Rúnarsdóttir	42
Minjasafn Reykjavíkur	Guðný Gerður Gunnarsdóttir	8,5
Listasafn Íslands	Dagný Heiðdal og Anna María Urbancic	6,5
Minjasafnið á Akureyri	Sveinbjörg Sveinsdóttir	4
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfellinga	Oddný Ævarsdóttir	3,5
Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	Lýður Pálmarsson	2
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Sveinbjörg Sveinsdóttir	2
Gljúfrasteinn – Hús skáldsins	Guðný Dóra Gestsdóttir	1,5
Minjastofnun Íslands	Agnes Stefánsdóttir	1
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Sveinbjörg Sveinsdóttir	1,5
Minjasafn Austurlands	Unnur Karlsdóttir	1,5
Nýlistasafnið	Þorgerður Ólafsdóttir og Eva Ísleifsdóttir	1
Listasafn Kópavogs	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1
Byggðasafn Vestfjarða	Jón Sigurpálsson	1
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Sigrún Jónsdóttir	1
Hönnunarsafn Íslands	Þóra Sigurbjörnsdóttir	1,5
Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns	Dóra Guðný Sigurðardóttir	1
Landbúnaðarsafn Íslands	Sveinbjörg Sveinsdóttir	0,5
Lyfjafræðisafnið í Nesi	Kristín Einarsdóttir	samstarfsaðili
<i>Samtals</i>		<i>81</i>

Auk þess sátu fundinn:

Frá Rekstrarfélagi Sarps: Sveinbjörg Sveinsdóttir, Sigurður Trausti Traustason.

Frá Minjasafni Reykjavíkur: Anna Lís Guðmundsdóttir, Guðbrandur Benediktsson og Gerður Róbertsdóttir.

Frá Þjóðminjasafni: Ármann Guðmundsson.

Frá Listasafni Alþýðusambands Íslands: Kristín G. Guðnadóttir.
Frá Listasafni Reykjanesbæjar: Hulda Björk Þorkelsdóttir.
Frá Safnaráði: Ágústa Kristófersdóttir.
Frá LEX: Erla S. Árnadóttir.

Hefðbundin aðalfundarstörf

Dagskrá fundarins var samkvæmt 3.1 grein samþykkt félagsins.

1. Fundur settur, kosning fundarstjóra og fundarritara.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir formaður framkvæmdastjórnar setti fund og lagði til að fundarstjóri yrði Erla S. Árnadóttir. Var það samþykkt. Tók hún við stjórn fundarins og lagði til að Ármann Guðmundsson yrði fundaritari. Var það samþykkt.

Fundarstjóri kannaði boðun til fundarins og fundarsókn og lýsti fundinn lögmætan til ákvarðanatöku.

2. Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi rekstrarfélagsins á liðnu ári.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir formaður framkvæmdastjórnar greindi frá helstu atriðum í skýrslu framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps (RS) fyrir árið 2013, sjá hana. Meðal helstu breytinga var brotthvarf Frosta F. Jóhannssonar úr starfi framkvæmdastjóra, þjónustusamningur við Landskerfi bókasafna hf. um rekstur félagsins og opnun sarpur.is á netinu. Nokkrar fyrirspurnir bárust úr sal við lestur skýrslunnar en áréttaði Guðný Gerður að gert væri ráð fyrir fyrirspurnum og umræðum um skýrsluna eftir að ársreikningi hefði verið gerð skil.

3. Ársreikningar fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.

Dagný Heiðdal, gjaldkeri, kynnti ársreikning fyrir árið 2013, sjá hann.

Umræða fór fram um ársskýrslu og ársreikning.

Guðbrandur Benediktsson spurði um þá styrki er tekist hefur að afla til RS á síðasta ári vegna þróunar Sarps, í hvaða verkefni þeir hafa farið, í hvaða verkefni þeir eiga að fara og hvort hægt sé að gera ráð fyrir framhaldi styrkja. Anna Lís Rúnarsdóttir, fulltrúi Þjóðminjasafnsins, skýrði frá því að ekki væri loku fyrir það skotið að RS fengi aftur styrki frá Þjóðminjasafni. Hinsvegar væri styrkurinn ekki í áskrift og ekki væri hægt að gera ráð fyrir honum í rekstraráætlun.

Sveinbjörg Sveinsdóttir skýrði frá því að eitt af verkefnum sem RS fékk styrk fyrir hefði verið áframhaldandi vinna við hönnun ytri vefsins og væri það mikið gleðiefni. Það má því segja að auknum umsvifum RS árið 2013 hafi verið mætt með styrkjum annars vegar og hækkunum á notendagjöldum hinsvegar. Þó hefur stjórnin miðað við að notendagjöldin séu nýtt fyrir daglegan rekstur RS líkt og gert er ráð fyrir í samþykktum félagsins en önnur verkefni hafa verið keyrð áfram, að hluta til, með styrkjum.

Þorgerður Ólafsdóttir spurði um hækkun á notendaleyfisgjöldunum. Sveinbjörg útskýrði að ákvörðunin um hækkunina hafi verið tekin hjá framkvæmdastjórninni. Fundarmenn veltu fyrir sér hvort ætli mætti að gjaldskráin myndi hækka í framtíðinni. Sveinbjörg svaraði því á þá leið að gjaldskráin hlyti að endurspegla það sem félagið vildi gera. Ef það hefur mikið á þjónunum ættu notendagjöldin að standa undir því og því hækka ef þurfa þykir.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

4. Kosning 9 aðila í fulltrúaráð.

Við kosningu til fulltrúaráðs bar fundarstjóri upp tillögur stjórnar um að þessir yrðu kjörnir í fulltrúaráðið:

Anna Guðný Ásgeirsdóttir Þjóðminjasafni Íslands, formaður

Anna Lína Rúnarsdóttir Þjóðminjasafni Íslands

Halldór Björn Runólfsson Listasafni Íslands

Dagný Heiðdal Listasafni Íslands

Agnes Stefánsdóttir Minjastofnun Íslands

Guðbrandur Benediktsson Minjasafni Reykjavíkur

Inga Jónsdóttir Listasafni Árnesinga

Haraldur Þór Egilsson Minjasafninu á Akureyri

Pétur Kristjánsson Tækniminjasafni Austurlands.

Fyrirspurn var borin fram um það hvort um væri að ræða sömu fulltrúa ár eftir ár. Svo reynist ekki vera, eins og Guðný Gerður Gunnarsdóttir greindi frá, til dæmis hafi nú verið ákveðið að önnur listasöfn en Listasafn Íslands fái sæti í fulltrúaráðinu, en það sæti höfðu byggðasöfnin áður. Fjórir fulltrúar, þau Halldór Björn, Dagný, Haraldur og Pétur sitja áfram í fulltrúaráðinu frá fyrra ári.

Tillagan var samþykkt.

5. Kosning endurskoðanda.

Fundarstjóri lagði til að Halldór Arnarson, löggiltur endurskoðandi hjá Fjárstoð, yrði kjörinn endurskoðandi. Tillagan var samþykkt einróma.

6. Breytingar á samþykktum félagsins

Fundarstjóri bar upp tillögu a.

- a. Heimilisfangi í gr. 1.2 breytt í Katrínartún 2

Var hún samþykkt samhljóða.

Sveinbjörg greindi frá og skýrði breytingartillögu b., sjá meðfylgjandi.

- b. Eignarhlutur í félaginu í gr. 2.3 uppfærður og þrír nýir eignaraðilar, þ.e. Listasafn Alþýðusambands Íslands, Listasafn Árnesinga og Listasafn Reykjaness.

Tvær spurningar komu úr sal varðandi eignarhlutinn. Í fyrsta lagi, spurning Agnesar Stefánsdóttur, varðandi eignarhlut og atkvæðafjölda og í öðru lagi, spurning Oddnýjar Ævarsdóttur, varðandi eignarhlut og vægi innan samstarfsins. Sveinbjörg Sveinsdóttir svaraði því að eignarhlutur og atkvæðisfjöldi væri það sama. Hálf prósenta eignarhlutur þýðir hálf atkvæði. Hinsvegar er eignarhlutur og vægi ekki endilega það sama, eignarhluturinn endurspeglar það fjármagn sem viðkomandi aðili setur í samstarfið með greiðslu notendaleyfisgjalda.

Fulltrúi Minjastofnunnar Íslands, Agnes Stefánsdóttir, áréttaði að stofnunin hefði tekið við eignarhluta Húsafriðunarnefndar ríkisins.

Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

Sveinbjörg Sveinsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir skýrðu frá starfsemi og framtíðarsýn Sarps í aðalatriðum. Samhliða og eftir erindin hófust almennar umræður fundarmanna. Erindi Sveinbjargar verður sent út til fulltrúa. Umræðurnar sneru aðallega að fjórum aðalatriðum, gjaldskrá, höfundarétti, styrkjum og framtíðarsýn.

Gjaldskrá og rekstraráætlun:

Sveinbjörg Sveinsdóttir greindi frá því að gjaldtaka RS eigi að standa undir daglegum rekstri félagsins líkt og kveðið er á um í samþykktum þess. Hingað til hafi verið litið svo á að greiðslur fyrir þátttöku safna í námskeiðum og alla þjónustu RS væru innifaldar í notendaleyfisgjöldum en þessu gæti framkvæmdastjórn breytt í gjaldskrá ef áhugi væri á slíku. Rekstur RS eigi að vera á núllinu eða aðeins fyrir ofan það en í raun er reksturinn í járnnum. Lítið fé er til vegna ófyrirséðra verkefna og er það slæmt.

Gjaldskrá fyrir notendaleyfisgjöld er reiknuð útfrá gagnamagni og ársverkum hvers safns og er byggt á tölum sem söfnin senda safnaráði. Hugsanlega er þessi uppbygging hamlandi þar sem því meira sem söfnin skrá því meira þurfa þau að borga. Sveinbjörg taldi mikilvægt að talan sem gjaldið miðast við kæmi frá opinberum aðila og að gjaldskráin sjálf væri fastmótuð. Festa í gjaldskrám væri lykilatriði og hún þyrfti að liggja fyrir eins snemma og hægt er svo söfnin gætu gert ráð fyrir þessum kostnaðarlið í sínum áætlunum. Of breytileg gjaldskrá myndi skapa rugling í rekstri safna. Söfnin þurfa í því ljósi að geta gengið að því vísu hvernig gjaldkráin verður uppbyggð í framtíðinni.

Þorgerður Ólafsdóttir spurði í kjölfarið af hverju það væri ekki tekið mið af ársreikningum safna í tengslum við gjaldskrána. Sveinbjörg greindi frá því að stjórnin hefði ákveðið að miða við ársverk og gagnamagn en þeirri leið mætti breyta ef henni fylgdu góð rök.

Unnur B. Karlsdóttir spurði hvort kostnaðarþak fyrir gjaldskrá miðað við rekstrargrundvöll væri til athugunar innan stjórnar. Málefnið væri mikilvægt þar sem gjöldin mættu ekki ríða söfnum að fullu. Sveinbjörg telur litlar líkur á því að gjöldin verði það há að hætta skapist á slíku. Hinsvegar væri mikilvægt að gjaldskráin væri tilbúinn áður en söfnin fara í fjárhagsáætlanagerð sem er oftast í byrjun september/október hvers árs. Fundurinn var sammála um mikilvægi þess.

Sveinbjörg kynnti því næst töflu sem sýndi hlutfall gjalda milli safna síðasta árs. Greinilegt var að nokkur söfn greiða stærstan hluta gjaldsins, enda er gjaldið í samræmi við gagnamagn og ársverk. ~~Átt~~ Söfn greiða minna en 100.000 kr. Sveinbjörg áréttaði að fulltrúar muni fá kynninguna senda. Guðbrandur Benediktsson spurði í framhaldinu um samanburð gjalda milli Sarps og Landskerfis bókasafna. Sveinbjörg svaraði því að gjöldin í kringum Sarp væru mun minni en gjöldin að Gegni. Ennfremur væru grunnviðmiðin í gjaldskrá Gegnis endurskoðuð á þriggja ára fresti en á hverju ári hjá Sarpi. Ef gjaldið hjá Sarpi væri of hátt þyrfti að breyta rekstrinum því gjöldin duga rétt fyrir rekstrinum eins og staðan er nú.

Styrkir:

Anna M. Urbancic spurði, í framhaldinu af umræðunni um gjaldskrána, hvort ríkið gæti ekki styrkt RS meira en nú er gert.

Sveinbjörg Sveinsdóttir var til svara og greindi hún frá því að vissulega hefði RS fengið rekstrarstyrki frá mennta- og menningarmálaráðuneyti í gegnum tíðina en ráðuneytið boðaði breytingar á þessu. Félagið nyti þó þess að það ætti bandamenn innan ráðuneytisins og hefur

fengið styrki síðustu ár en óraunhæft væri að byggja reksturinn á styrkjum. Hins vegar mætti reyna að afla styrkja frá s.s. safnaráði í sértæk verkefni tengd þróun Sarps eða ytri vefs.

Eiríkur Þorláksson bætti við að það hafi tekist að koma Gegni á fót á sínum tíma án styrkja en Sarpur hefur fengið um 40 m.kr. í styrki frá ríkinu. Ekki væri hægt að ganga að því vísu að Sarpur fengi áfram styrki af fjárlögum. Þetta skýrist þegar fjármunir til menningarmála síðustu misseri séu skoðaðir en þeir hafa minnkað töluvert.

Ágústa Kristófersdóttir bætti við að á hinn bóginn ætti hið opinbera að sjá hag sinn í því að tryggja aðgengi almennings að menningararfinum í gegnum Sarp. Slíkt væru skýrir lýðræðishagsmunir. Tók fundurinn mjög vel undir þá skoðun.

Samningar:

Sveinbjörg Sveinsdóttir greindi frá því að þjónustusamningur væri í gildi á milli Sarps og Landskerfi bókasafna. Kynnti hún viðkomandi þjónustusamning. Guðný Gerður Gunnarsdóttir lýsti yfir ánægju sinni með samstarfið milli RS og Landskerfis bókasafna. Þar væri mikil þekking á rekstri umfangsmikilla upplýsingakerfa.

Unnur Karlsdóttir spurði stjórn hvort hýsingarsamningurinn við þekkingu væri enn í gildi og hvort þeir væru stífir varðandi hýsingargjöldin. Sveinbjörg Sveinsdóttir svaraði því að hýsingarsamningurinn við þekkingu væri enn í gildi og gert væri ráð fyrir því að endurskoða hann. Ljóst þykir ennfremur að hýsingarkostnaðurinn muni minnka í framtíðinni þar sem Sarpur er núna í samstarfi með Gegni. Sveinbjörg áréttaði að vissum kostnaði yrði ekki komist hjá, eins og uppfærslu- og viðhaldskostnaði.

Höfundaréttur:

Kristín G. Guðnadóttir opnaði á umræðuna varðandi höfundaréttinn þegar hún greindi frá skoðun sinni að Sarpur yrði seint að því mikilvæga tæki sem hann þyrfti að vera ef ekki væri greitt úr flækjunni varðandi greiðslu á höfundaréttarvörðu efni sem birt er á sarpur.is.

Þorgerður Ólafsdóttir tók undir með Kristínu og áréttaði að umræðan snerist aðallega um lagabókstafi sem þyrfti að endurbæta. Ennfremur að erfitt væri að berjast fyrir mikilvægi Sarps á meðan flækjan varðandi höfundaréttinn væri óútkljáð.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir spurði í framhaldinu hvort fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins gæti greint frá hvað ríkið hyggist gera í þessu máli.

Eiríkur Þorláksson skýrði frá því að vandamálið lægi aðallega í úreltum lögum. Þau lög eru þó í endurskoðun og væri ráðuneytið að vinna í því að finna lausnir. Þar á bæ þykja tvær leiðir heillavænlegastar. Í fyrsta lagi lagabreytingar eða í öðru lagi samningar við höfundaréttarsamtök um birtingu höfundavaris efnis.

Ágústa Kristófersdóttir nefndi í þessu sambandi að safnaráð hefði reynt að finna lausn á vandamálinu. Þar hefði komið í ljós að mjög mikið efni er höfundavarið. Ljóst þótti að vandamálið væri of stórt fyrir safnaráð að leysa það og var því málið sent til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Eiríkur Þorláksson áréttaði að niðurstaðu vinnu ráðuneytisins vegna höfundaréttar væri að vænta á þessu ári.

Framtíðarsýn:


Sveinbjörg Sveinsdóttir gerði grein fyrir framtíðarsýn kerfisþróunar Sarps. Mikil orka hefur farið í að núllstillja kerfið og hreinsa út allskyns villur. Nú væri Sarpur 3 kominn til að vera en mikilvægt væri að móta framtíðarsýn um hann. Guðný Gerður Gunnarsdóttir sagði að halda þurfi áfram stefnumótun félagsins og segir í framhaldi að stjórnin telji mikilvægt að halda áfram samstarfi við Landskerfi bókasafna enda væri þar mikil reynsla og þekking á rekstri upplýsingakerfa. Í kjölfarið áréttar hún að aðgengi að safnkosti í gegnum vefinn væri ákall nútímans og því ákalli verða söfn að getað svarað.

Í framhaldinu greindi Guðný Gerður frá því að hún muni nú stíga til hliðar og ljúka störfum sínum fyrir Rekstrarfélagið Sarp að aðalfundi loknum. Þakkaði hún stjórn og samstarfsfólki öllu fyrir ánægjulegt samstarf.


Að lokum bað fundarstjóri aðalfund um leyfi til þess að fundarritari ásamt fundarstjóra gengju frá fundargerð eftir fundinn. Var það samþykkt.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.
Fundi slitið klukkan 15:00.

Fundarritari


Ármann Guðmundsson

Fundarstjóri


Erla S. Árnadóttir